

Ferðaþjónustugreiningar 2015

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
Ferðamálasamtök Vestfjarða
Markaðsstofa Vestfjarða





EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
Stjórnendasamantekt	6
Gistinætur á Vestfjörðum 2010-2014	7
Gistinætur á Vestfjörðum 2010-2014	8
Gistinætur á Vestfjörðum 2010-2014	9
Gestakomur á Vestfjörðum	10
Gistinætur 2010-2014 : Dreifing innan ársins og þjóðerni	11
Gistinætur 2010-2014 : Þjóðerni	12
Gistinætur 2010-2014 Þjóðerni	13
Framboð á gistingu á Vestfjörðum	14
Framboð og nýting rúma á gististöðum á Vestfjörðum	15
Framboð og nýting rúma á gististöðum á Vestfjörðum	16
Ferðamenn á Vestfjörðum	17
Ferðamenn á Vestfjörðum	18
Ferðamenn á Vestfjörðum	19
Neysla ferðamanna	20
Flugfarþegar	21
Flugfarþegar og flugvellir	22
Skemmtiferðaskip	23
Gestakomur á söfnum og sýningum	24
Ferðaskrifstofur á Vestfjörðum	25
Ferðaskipuleggjendur á Vestfjörðum	26
Rekstraryfirlit	27
Margfeldisáhrif og umfang	28
Framtíðarspá	29
Heimildaskrá	30



INNGANGUR

Þessi stöðugreining er unnin sem hluti af stefnumótun Ferðamálasamtaka Vestfjarða fyrir ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Í þessari greiningu er reynt að svara rannsóknarspurningunni: Hver er staða vestfirskrar ferðaþjónustu?

Notast verður við tölfraði um þróun á gistingu, þróun á gestakomum á söfnum, þróun á komu skemmtiferðaskipa, þróun á komum flugfarþega, afstöðu ferðamanna og rekstrarumfang.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða sá um að draga saman tölulegar upplýsingar og afla upplýsinga sem geta gefið greinargóða mynd af stöðu ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Stuðst er við ýmsar opinberar upplýsingaveitir sem getið er í heimildum og vísað er í textanum eins og við á. Hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða bar Neil Shiran Þórisson ábyrgð á verkefninu og veitir hann nánari upplýsingar.

Notast var við eldri greiningar og gögn Markaðsstofu Vestfjarða og byggt á greiningavinnu sem áður hafði verið framkvæmd í samvinnu við Markaðsstofu Vestfjarða.

Lögð var áhersla á að styðjast við gagnaveitir sem tiltölulega auðvelt væri að fá upplýsingar frá auk þess að leggja áherslu á samanburðarhæf gögn milli ára og svo við önnur landssvæði eins og kostur er.

Upplýsingar voru fengnar frá:

- Hagstofunni
- Ferðamálastofu
- Eigin rannsóknum hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða
- Flugfélagi Íslands
- Hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar
- Forstöðumönnum safna og sýninga
- Bókunarsíðum sem eru opnar almenningi

STJÓRNENDASAMANTEKT

Gistinóttum á Vestfjörðum hefur fjölgað frá árinu 2010 en þó ekki eins mikið og á höfuðborgarsvæðinu.

Hátt hlutfall nóttu á Vestfjörðum er á tjaldstæðum eða um 33%.

Hver gestakoma skapar 1,5 gistinótt á Vestfjörðum.

Flestar gistinætur eru á tímabilinu maí-sept – erlendir ferðamenn eru í meirihluta þá, en Íslendingar eru í meirihluta að vetrarlagi.

Frá árinu 2011 hafa erlendir ferðamenn keypt fleiri gistinætur en innlendir ferðamenn.

Flestir ferðamenn koma frá Þýskalandi en mikil aukning er í komu Breta, Bandaríkjamanna og Frakka.

Framboð gististaða á Vestfjörðum hefur aukist um 35%.

Framboð á gistirúmum á hótélum og gistiheimilum hefur aukist til muna en aftur fækkað á farfuglaheimilum og sumargistiheimilum.

Nýting rúma hefur farið vaxandi frá árinu 2010 – þó eru sveiflur í nýtingartölum.

Meirihluti ferðamanna á Vestfjörðum hefur ekki komið áður til Íslands eða Vestfjarða – náttúran hefur mestu áhrifin á ferðaákvörðun til Vestfjarða.

14% ferðamanna sem koma til Íslands heimsækja Vestfirði að sumri – vinsælasta afþreyingin er að fara í sund og á söfn.

Neysla erlendra ferðamanna á Vestfjörðum er mest fólgin í gistingu og á veitingastöðum en bílaleiguvíðskipti koma að litlu leyti fram í vestfirska hagkerfinu.

Flugfarþegum hefur farið fækkandi frá árinu 2008.

Flugfarþegum er einnig að fækka á öðrum flugáfangastöðum s.s. Egilsstöðum, Akureyri og Reykjavík.

Talsverður vöxtur hefur verið í komum skemmtiferðaskipa til Vestfjarða og stefnir í enn frekari aukningu á komandi árum.

Gestum safna og sýninga á Vestfjörðum hefur fjölgað, með áframhaldandi vexti gætu gestir á söfnum orðið tæplega 94 þúsund árið 2020.


Ferðaskrifstofum á Vestfjörðum hefur fjölgað.

Útgefnum leyfum til ferðaskipuleggjenda hefur fjölgað mikið.

Veltuaukning hefur orðið hjá hótélum, gististöðum og veitingastöðum.

Ef markaðshlutdeild er aukin má gera ráð fyrir að um 600 þúsund gistinætur verði keyptar á Vestfjörðum árið 2020.

GISTINÆTUR Á VESTFJÖRÐUM 2010-2014



Mynd 1 - Gistinætur

Ofangeind mynd sýnir gistinætur¹ á öllum tegundum gististaða og þróunina yfir tímabilið 2010-2015. Landssvæðunum er raðað upp eftir stærð og eru Vestfirðir næst síðastir á landsvísi þegar horft er til gistináttatalna fyrir árið 2014 (Hagstofa Íslands, 2015).

¹ Gistinótt er hver nótt sem ferðamaður gistir á Vestfjörðum, einstaklingur sem gistir 2 nætur á Vestfjörðum samsvarar því 2 gistinóttum á Vestfjörðum. Hjón sem gista í 2 nætur eru 4 gistinætur o.s.frv. Hafa ber í huga að í þessum tölum er að finna allar tegundir gististaða.

GISTINÆTUR Á VESTFJÖRÐUM 2010-2014

	Gistinætur					Vöxtur	Hlutdeild
	2010	2011	2012	2013	2014	2010- 2014	2014
Höfuðb.svæði	1.200.551	1.406.960	1.672.379	1.938.315	2.320.208	93%	42,3%
Suðurland	532.914	568.503	648.787	795.121	986.037	85%	18,0%
Norðurl. eystra	423.761	405.733	454.838	575.956	732.601	73%	13,3%
Austurland	293.354	293.393	349.102	441.989	513.439	75%	9,4%
Vesturland	222.893	225.756	238.345	286.721	322.738	45%	5,9%
Suðurnes	92.222	113.188	127.476	185.090	236.283	156%	4,3%
Vestfirðir	120.652	111.878	129.229	147.491	196.364	63%	3,6%
Norðurl. vestra	112.678	123.549	131.357	175.700	182.316	62%	3,3%
Allt landið	2.999.025	3.248.960	3.751.513	4.546.383	5.489.986	83%	

Tafla 1 - Gistinætur

Ofangreind tafla sýnir tölurnar á bak við þróunina 2010-2014 (Hagstofa Íslands, 2015). Sjá má að vöxturinn á tímabilinu 2010-2014 er í felstum tilfellum meiri en á Vestfjörðum, einungis tvö landssvæði sýna lakari vöxt en á Vestfjörðum. Þegar þróunin á landsvísu er skoðuð þá má sjá að ferðabjónustan á Vestfjörðum mæld í gistinóttum er að vaxa hægar en að meðaltali á landinu öllu. Vöxturinn á Vestfjörðum hefur verið 63% í gistinóttum talið. Þegar þessar tölur eru skoðaðar þarf að taka fram að um 33% af öllum gistinóttum á Vestfjörðum er á tjaldsvæðum en 67% í rúmum á gistiheimilum, hótélum og í annarri tegund af gistingu.

Við almenna skoðun á verði fyrir gistingu í rúmi fyrir árið 2014 er hægt að áætla að meðalverð sem gistaðili fær til sín sé um 6.500-7.000² kr á hverja nótt, sem gera 13-14 þúsund krónur fyrir hvert 2 manna herbergi. Fyrir þá staði sem buðu upp á rúm þá má gera ráð fyrir, að veltan á bak við þann hluta af gistingu sé um 850 – 920 milljónir króna á árinu 2014. Tjaldsvæðatölurnar eru ekki inn í þessum veltutölum.

² Hér er miðað við verðlag 2016 og það bakreiknað til ársins 2014 þar sem gert er ráð fyrir meðaltals 5% verðhækkun milli ára. Hér er líka tekið tillit til þess að 10%-20% af verðinu sem birtist almenningi séu þóknarir til bókunasiðna/ferðaskrifstofa og skilaverðið til gistaðila því lægra því sem nemur.

GISTINÆTUR Á VESTFJÖRÐUM 2010-2014

Hlutdeild í gistinóttum	2010	2011	2012	2013	2014
Höfuðb.svæði	40,03%	43,30%	44,58%	42,63%	42,26%
Suðurland	17,77%	17,50%	17,29%	17,49%	17,96%
Norðurl. eystra	14,13%	12,49%	12,12%	12,67%	13,34%
Austurland	9,78%	9,03%	9,31%	9,72%	9,35%
Vesturland	7,43%	6,95%	6,35%	6,31%	5,88%
Suðurnes	3,08%	3,48%	3,40%	4,07%	4,30%
Vestfirðir	4,02%	3,44%	3,44%	3,24%	3,58%
Norðurl. vestra	3,76%	3,80%	3,50%	3,86%	3,32%

Markaðshlutdeild okkar hefur minnkað síðan 2010 en er á uppleið á síðustu árum. Það þarf að hafa í huga að heildarfjöldi gistinátta hefur vaxið sem og fjöldi gistinátta á Vestfjörðum (Hagstofa Íslands, 2015).


Gistinætur hlutdeild (án höfuðborgarsvæðisins)

Hlutdeild í gistinóttum	2010	2011	2012	2013	2014
Suðurland	29,6%	30,9%	31,2%	30,5%	31,1%
Norðurland eystra	23,6%	22,0%	21,9%	22,1%	23,1%
Austurland	16,3%	15,9%	16,8%	16,9%	16,2%
Vesturland	12,4%	12,3%	11,5%	11,0%	10,2%
Suðurnes	5,1%	6,1%	6,1%	7,1%	7,5%
Vestfirðir	6,7%	6,1%	6,2%	5,7%	6,2%
Norðurland vestra	6,3%	6,7%	6,3%	6,7%	5,8%

Ef höfuðborgarsvæðinu er sleppt við mat á hlutdeild í gistináttum og bara horft á landssvæði utan höfuðborgarsvæðisins, má sjá að hlutfall náttu á Vestfjörðum hefur heldur minnkað.

Heildarfjöldi gistinátta á landsbyggðinni hefur vaxið um 73% (er 83% fyrir allt landið) og vöxturinn hefur verið heldur hraðari á höfuðborgarsvæðinu. Á Vestfjörðum er þetta hlutfall 63% þannig að vöxturinn hefur verið heldur hægari á Vestfjörðum en annars staðar á landsbyggðinni.

GESTAKOMUR Á VESTFJÖRÐUM




Mynd 2 - Gestakomur


Á ofangreindri mynd má sjá fjölda gestakoma á gististaði á Vestfjörðum en þessi mynd skýrir þann fjölda gesta sem skapa gistinæturnar³ (Hagstofa Íslands, 2015). Hver gestakoma er því að skapa um 1,5 gistinótt. Þetta hlutfall er nokkuð svipað landssvæðanna á milli (1,3-1,6) fyrir utan höfuðborgarsvæðið sem er með um 2,1 gistinótt á hverja gestakomu.

³ Hafa ber í huga að einn gestur getur verið með 2 gestakomur á Vestfjörðum t.d. ef hann gistir á tveimur gististöðum á Vestfjörðum þá telur hann sem gestur í bæði skiptin.

GISTINÆTUR 2010-2014 : DREIFING INNAN ÁRSINS OG ÞJÓÐERNI



Þjóðerni þeirra sem gista á árinu 2014



Mynd 3 Dreifing gistinátta innan ársins og þjóðerni



Ofangreindar myndir sýna að mesta gistingin er á tímabilinu maí –september á hverju ári. Heilt yfir er vöxtur á öllum mánuðum ársins fyrir utan janúar. Mesti vöxturinn er á síðari hluta ársins sem gefur vísbendingu um að ferðatímabilið sé að lengjast og vari lengur innan ársins.

Ef skoðað er sérstaklega tímabilið frá maí byrjun til september loka og hversu mikið af heildargistinóttunum eru á því tímabili kemur í ljós að slík magnhlutföll hafa lítið breyst á milli ára. Árið 2010 voru 95% af gistinóttunum yfir allt árið á tímabilinu maí-sept og árið 2014 var þetta hlutfall orðið 94% og bara fyrir tímabilið jún-ágúst þá var hlutfallið 87% árið 2010 og var 85% árið 2014. Í stuttu máli má því segja að á tímabilinu 2010-2014 hefur ekki orðið mikil breyting á hlutfallslegri skiptingu gistinátta innan ársins.

Þegar árið er skoðað þá er ljóst að hlutur erlendra ferðamanna er stór og erlendir ferðamenn mikilvægir fyrir ferðaþjónustu á Vestfjörðum.

Íslendingar eru í meirihluta að vetrarlagi. Útlendingar eru í meirihluta á tímabilinu maí –september.

GISTINÆTUR 2010-2014 : ÞJÓÐERNI




Mynd 4 Gistinætur og Gestakomur

Í upphafi þess tímabils sem var skoðað voru innlendir ferðamenn að skapa fleiri gistinætur en erlendir ferðamenn. Strax árið 2011 hafði þetta snúist við og gistinætur vegna erlendra ferðamanna orðnar fleiri en þær sem skapast vegna innlendra ferðamanna. Þessi þróun hélt áfram til ársins 2014 og á því ári voru rúmlega tvöfalt fleiri gistinætur vegna erlendra ferðamanna en innlendra (Hagstofa Íslands, 2015).

Hafa ber í huga að um 8 % innlendra ferðamanna heimsóttu Vestfirði árið 2014. Þetta verður að teljast nokkuð gott því að í sömu könnun kom fram að 10% heimsóttu höfuðborgarsvæðið. Flestir fóru á Norðurland og Suðurland eða 22-23% aðspurðra.

GISTINÆTUR 2010-2014 ÞJÓÐERNI

Þjóðerni gesta miðað við gistinætur



Mynd 5 Gistinætur og þjóðerni gesta

Þjóðverjar hafa verið nokkuð stór og stöðugur hópur ferðamanna sem skapa gistinætur á Vestfjörðum. Þar á eftir má sjá lönd eins og Bretland, Bandaríkin og Frakkland sem hafa verið að vaxa hratt milli ára 2013 og 2014 (Hagstofa Íslands, 2015).

FRAMBOÐ Á GISTINGU Á VESTFJÖRÐUM

	2010		2011		2012		2013		2014		2010-2014
	Allt árið	Innan ársins	Allt árið	Innan ársins	Allt árið	Innan ársins	Allt árið	Innan ársins	Allt árið	Innan ársins	Allt árið
	Fjöldi	Max	Fjöldi	Max	Fjöldi	Max	Fjöldi	Max	Fjöldi	Max	M.v. Max
Heimagisting	7	19	9	17	12	20	11	22	12	25	32%
Tjaldsvæði í dreifbýli	6	10	11	11	9	11	11	15	12	19	90%
Hótel	1	1	1	1	1	1	2	3	3	3	200%
Hótelíbúðir	2	3	3	5	5	6	4	5	3	4	33%
Farfuglaheimili	3	6	3	5	2	4	3	5	4	6	0%
Tjaldsvæði í þéttbýli	8	9	6	9	7	9	8	13	9	15	67%
Sumarhótel	4	7	4	7	5	7	4	7	5	7	0%
Gistiheimili starfandi allt árið	10	10	11	11	13	14	12	15	12	15	50%
Orlofshúsa- byggðir	1	2	3	3	3	3	2	2	2	2	0%
Skáli í óbyggðum	2	3	3	3	2	3	2	3	2	3	0%
Tjaldsvæði í óbyggðum	2	3	2	3	2	3	3	3	2	3	0%
Svefnpokagisting	4	4	5	5	4	4	4	4	5	5	25%
Sumargistiheimili	5	6	4	5	3	5	4	5	4	5	-17%
Samtals	56	83	64	85	69	90	69	102	73	112	35%

Tafla 2 Framboð á gistingu á Vestfjörðum

Það hefur orðið vöxtur í fjölda þeirra sem bjóða upp á gistingu⁴. Það er talsverður fjöldi sem starfar eingöngu að sumarlagi sem sést í þeim dálkum þar sem settar eru fram upplýsingar um hámarks framboð (Innan ársins Max) innan hvers árs. Framboðið hefur aukist að sumarlagi úr 83 stöðum upp í 112 staði (Hagstofa Íslands, 2015).

⁴ Notast er við flokkun og skilgreiningar Hagstofunnar sem heldur utan um þessa tölfræði, nánari upplýsingar má finna í lýsigögnum Hagstofunnar. Þetta er í nokkru samræmi við það sem birtist á bókunarsíðum þ.e.a.s. ef ofangreindar fjöldatölur eru leiðréttar fyrir þeim sem koma ekki fram á bókunarsíðum s.s. heimagisting, orlofsheimili og tjaldsvæði.

FRAMBOÐ OG NÝTING RÚMA Á GISTISTÖÐUM Á VESTFJÖRÐUM

	2010		2011		2012		2013		2014		2010- 2014
	Allt árið	Mai-Sept	Allt árið	Mai-Sept	Allt árið	Mai-Sept	Allt árið	Mai-Sept	Allt árið	Mai-Sept	
	Með.tal. Framb.	Max framb.	Með.tal. Framb.	Max framb.	Með.tal. Framb.	Max framb.	Með.tal. Framb.	Max framb.	Með.tal. Framb.	Max framb.	
Hótel	75	75	75	75	75	75	135	179	167	194	159%
Hótelíbúðir	88	185	101	237	185	245	28	46	118	192	4%
Gistiheimili starfandi allt árið	250	256	291	360	348	393	324	429	318	429	68%
Sumarhótel	210	370	189	357	238	357	186	369	234	370	0%
Sumargistiheimili	165	211	89	102	88	136	86	103	85	102	-52%
Heimagisting	47	158	81	169	107	191	103	202	106	214	35%
Farfuglaheimili	102	170	112	158	68	100	76	122	84	136	-20%
Svefnpoka- gisting	92	92	112	112	82	82	90	100	132	142	54%
Alls	737	1477	830	1567	935	1579	820	1544	923	1779	25%


Tafla 3 Framboð rúma

Fjöldi rúma á dag veitir ítarlegra yfirlit um framboð og úr ofagnreindri töflu má draga saman þá niðurstöðu að fjöldi þeirra rúma sem ferðamönnum standa til boða á ferðamannatímabilinu séu 1779 fyrir árið 2014 og hefur þetta vaxið um 302 rúm á tímabilinu 2010-2014. Ef þetta er umreiknað yfir á herbergi og gert er ráð fyrir að 2 rúm séu að meðaltali í hverju herbergi þá er um að ræða fjölgun um 151 herbergi á þessum gvististöðum á Vestfjörðum. Jafnframt má sjá að það hefur orðið breyting á samsetningu á gistingu þar sem færri rúm eru í sumargistiheimilum og farfuglaheimilum og fleiri í hótélum og gistiheimilum (Hagstofa Íslands, 2015).

Ekki var reynt að leggja mat á það framboð sem er á tjaldsvæðum. Það þyrfti þó að skoða það vel þar sem þriðjungur af gistinóttum á Vestfjörðum er á tjaldsvæðum.

FRAMBOÐ OG NÝTING RÚMA Á GISTISTÖÐUM Á VESTFJÖRÐUM

Nýting rúma




Mynd 6 Nýting

Sjá má að nýting rúma⁵ hefur varið vaxandi frá árinu 2010. Þó nokkrar sveiflur séu í nýtingartölunum (Hagstofa Íslands, 2015).

Hafa þarf í huga að tjaldsvæðin eru með töluvert af gistináttum og voru rúmlega 66 þúsund árið 2014 en voru um 35 þúsund árið 2010. Þetta samavasar um 34% af heildargistináttafjöldanum árið 2014 og hefur þetta hlutfall vaxið frá árinu 2010 en þá var það um 29%.

⁵ Framkvæmdir voru útreikningar þar sem framboð rúma á hvern mánuð var reiknað. Frá heildargistináttafjöldunum voru svo dregnar frá tjaldsvæðagistitölur þar sem tjaldsvæði bjóða ekki upp á rúm. Gengið var út frá því að það væri engin tjaldsvæðagisting að vetrarlagi þ.e.a.s. á tímabilinu október til mars loka. Notast var við eftirfarandi nálgun við að skipta tjaldsvæðagistingunni á tímabilið maí-september innan ársins: júlí tölurnar koma beint frá Hagstofunni, maí og september eru 20% (jafnt skipt milli mánaða) af eftirstöðvunum og júní og ágúst 80% af eftirstöðvunum (jafnt skipt milli mánaða).

FERÐAMENN Á VESTFJÖRÐUM




Mynd 7 Upplýsingar um ferðamenn á Vestfjörðum


Ferðamenn á Vestfjörðum hafa margir komið til Íslands áður og til Vestfjarða áður en meirihluti er þó að koma í fyrsta skipti (Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, 2013).

FERÐAMENN Á VESTFJÖRÐUM

Áhugasvið ferðamanna



Það sem hafði mestu áhrif á ferð til Vestfjarða




Mynd 8 áhrifaþættir á ferðamenn


Ferðamenn á Vestfjörðum hafa mikinn áhuga á umhverfisvernd og útivist. Auk þess sem náttúran hefur mestu áhrifin á ferðaákvörðum til Vestfjarða (Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, 2013).

FERÐAMENN Á VESTFJÖRÐUM

Þau svæði sem útlendingar fara á yfir sumartímenn



Afþreying




Mynd 9 Þau svæði sem erlendir ferðamenn heimsækja og afþreying

Eingöngu um 14% aðspurðra ferðamanna heimsóttu Vestfirði (Ferðamálastofa, 2014). Erlendir ferðamenn eru að nýta sundlaugar, fara á söfn og fara í ferðir með leiðsögumönnum.

Í könnunum framkvæmdum á Vestfjörðum hefur komið fram að mikill meirihluti þeirra ferðamanna sem koma til svæðisins vilja síður kaupa skipulagðar ferðir (Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, 2013).

NEYSLA FERÐAMANNA




Mynd 10 - Neysla erlendra ferðamanna

Á ofangreindri mynd má sjá að neysla ferðamanna er að mestu leyti fólgin í gistingu, bílaleigu, veitingastöðum og afþreyingu (Ferðamálastofa, 2014).

Hafa ber í huga að við rýni á vestfirskri ferðabjónustu að þessi neysla fellur að einhverju leyti til annars staðar. Gistingin fellur til innan Vestfjarða en bílaleiga eru viðskipti sem koma að litlu leyti fram innan vestfirska hagkerfinsins.

FLUGFARÞEGAR

Þróun flugfarþega á háannatíma



Mynd 11 - Þróun í komum flugfarþega


Sjá má að það hefur orðið samdráttur í flugi frá árinu 2008 mælt í farþegum sem fara til og frá flugvöllum á Vestfjörðum. Þrátt fyrir vaxandi ferðaþjónustu þá er flugfarþegum ekki að fjölga eins og t.a.m. gistinóttum⁶ (Arnór Jónatansson, 2015).

Í greiningum á innanlandsflugi hefur komið fram að fjöldi erlendra ferðamann sem heildarhlutfall af farþegum hefur farið vaxandi, úr ca. 5% upp í um 10% af heildinni (Heklan, 2014). Af þessu má því draga þá ályktun að þrátt fyrir samdrátt í fjölda flugfarþega þá er mögulegt að fjöldi erlendra ferðamanna sem nýta sér flug til þess að koma til Vestfjarða hafi vaxið á undanförunum árum.


⁶ Gögnin byggja á gagnagrunnum og gagnasöfnun hjá ISAVIA sem Arnór Jónatansson, stöðvarstjóri á Ísafirði deildi með skýrsluhöfundum.

FLUGFARÞEGAR OG FLUGVELLIR

Þróun farþegafjölda á flugvöllum á Vestfjörðum



Þróun farþegafjölda á 5 stærstu flugvöllum landsins




Mynd 12 - Flugfarþegar og flugvellir


Ísafjarðarflugvöllur er stærsti flugvöllurinn á Vestfjörðum. Ekki er hægt að greina fjölda ferðamanna frá öðrum flugfarþegum af þessum tölum. Sjá má að flug er heilt yfir að dragast saman á þessu tímabili sem skoðað er (Arnór Jónatansson, 2015).

SKEMMTIFERÐASKIP

Fjöldi skemmtiferðaskipa



Fjöldi farþega




Mynd 13 - Skemmtiferðaskip og farþegar

Það hefur átt sér stað talsverður vöxtur í komu skemmtiferðaskipa til Vestfjarða. Fyrst og fremst eru þessi skip með viðkomu í gegnum Ísafjarðarhöfn en fáein skip hafa prófað að stoppa í Vesturbyggð. Af ofangreindum myndum má sjá að vöxturinn hefur verið umtalsverður og stefnir í enn frekari aukningu á komandi árum (Guðmundur Kristjánsson, 2015).

GESTAKOMUR Á SÖFNUM OG SÝNINGUM

Fjöldi gestakoma




Mynd 14 - Gestakomur á söfn og spá

Gestakomur á söfnum á Vestfjörðum hefur fjölgað á undanförunum árum eins og sjá má á ofangreindri mynd⁷. Ef gert er ráð fyrir áframhaldandi vexti á því má sjá að gestir á söfnum gætu orðið tæplega 94 þúsund árið 2020.

⁷ Talnagögn voru fengin frá helstu söfnum og sýningum á Vestfjörðum sem halda skipulega utan um sín gögn. Þessir aðilar voru Bata- og hlunnindasýningin, Hnjótur, Skrímslasetur, Melódiur Minninganna, Dellusafnið, Smiðjan, Byggðasafnið á Ísafirði, Ósvör, Náttúrugripasafnið, Galdrasýningin, Sauðfjársetur, Safn Jóns Sigurðssonar, Dúkkusafnið, Snjáfalletur, Selárdalur – Samúel Jónsson og litli bær í Skötufirði.

FERÐASKRIFSTOFUR Á VESTFJÖRÐUM




Mynd 15 - Fjöldi ferðaskrifstofa

Á ofangreindri mynd má sjá þá fjölgun sem hefur orðið á útgáfu leyfa til rekstrar á ferðaskrifstofu. Á árinu 2014 voru 8 ferðaskrifstofur starfandi á Vestfjörðum (Ferðamálastofa, 2015).

FERÐASKIPULEGGJENDUR Á VESTFJÖRÐUM

Fjöldi útgefinna ferðaskipuleggjenda leyfa




Mynd 16 - Ferðaskipuleggjendur á Vestfjörðum

Mikil fjölgun hefur orðið á fjölda leyfa sem hafa verið gefin út til ferðaskipuleggjenda og eru þeir orðnir 40 talsins á Vestfjörðum (Ferðamálastofa, 2015).

REKSTRARYFIRLIT

Rekstraryfirlit fyrir hótél, gístaði og veitingastaði




Mynd 17 - Rekstur gístaða og veitingastaða

Ofangreind mynd byggir á rekstrarframtölum lögaðila á Vestfjörðum sem skilgreina sig sem hótél, gístaði, eða veitingastaði samkvæmt ÍSAT flokkunarkerfinu. Þetta eru samtölur úr öllum skattframtölum sem skilað er á þessum árum⁸. Sjá má að velta hefur aukist sem og aðrir liðir eins og laun og afkoma fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði.

⁸ Hafa ber í huga að rekstur getur verið skilgreindur sem lögaðili annars staðar á landinu en með starfsemi á Vestfjörðum sem þá koma ekki fram í þessum tölum. Ofangreint nær ekki yfir einstaklinga sem eru með rekstur á eigin kennitölu án þess að stofnað sé sérstakur lögaðili utan um þann rekstur. Það ber því að horfa á ofangreindar tölur með þessum fyrirvörum.

MARGFELDISÁHRIF OG UMFANG

Áhrif vestfirskrar ferðapjónustu




Mynd 18 - Umfang ferðapjónustu

Að teknu tilliti til neyslukannana Hagstofunnar á ferðamönnum er hægt að segja að þeir sem séu að eyða um 1,2 milljörðum í gistingu og veitingastaði á Vestfjörðum séu með um 2 milljarða í viðskiptum annars staðar í hagkerfinu. Taka verður sérstaklega fram að ekki er unnt að aðgreina ferðamenn frá öðrum viðskiptavinum t.d. heimamenn sem versla á veitingastöðum. Þetta er því eingöngu vísbending um umfang sem skapast af vestfirskri ferðapjónustu.

FRAMTÍÐARSPÁ

Við framtíðarspá er stuðst við þá nálgun að fjalla eingöngu um spá um þróun gistinátta. Settar eru fram nokkrar sviðsmyndir.



Línan segir okkur hvernig vöxturinn verður á Íslandi ef hann vex áfram eins og hann hefur vaxið á undanförunum árum frá árinu 2010. Ef við gefum okkur að gistinætur á Vestfjörðum vaxi áfram miðað við núverandi markaðshlutdeild okkar í fjölda gistinátta þá má gera ráð fyrir að á árinu 2020 verði gistinætur rúmlega 400 þúsund á Vestfjörðum. Ef horft er til þeirra forsendna að vöxturinn verði eins og hefur verið undanfarin ár þá er vöxturinn töluvert minni og verða gistinæturnar þá tæplega 300 þúsund. Ef horft er til þess að auka markaðshlutdeildina þá má gera ráð fyrir að það verði um 600 þúsund gistinætur sem verði keyptar á Vestfjörðum árið 2020.

HEIMILDASKRÁ

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. (2013). *Rannsókn meðal erlendra ferðamanna á Vestfjörðum*. Sótt frá <http://greiningar.atvest.is/?p=66>

Ferðamálastofa. (2014). *Könnun meðal erlendra ferðamanna á Íslandi sumarið 2014*. Sótt frá <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/utgefingid-efni/ferdavenjur/konnun-medal-erlendra-ferdamanna-a-islandi-sumarid-2014>

Ferðamálastofa. (18. Desember 2015). *Útgefin leyfi*. Sótt frá <http://www.ferdamalastofa.is/is/leyfi-og-loggjof/ferdaskrifstofur/utgefin-leyfi-ferdaskrifstofur>

Guðmundur Kristjánsson. (Desember 2015). *Komur skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar*. (Shiran Þórisson, Spyrill)

Hagstofa Íslands. (10. Desember 2015). >> *Atvinnuvegir >> Ferðabjónusta >> Gistinætur >> Allar tegundir gististaða >> Framboð gistirýmis á öllum tegundum gistingar 2000-2014* . Sótt frá Vefsíða Hagstofu Íslands: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__ferdathjonusta__Gisting__3_allartegundirgististada/SAM01602.px/

Hagstofa Íslands. (12. Desember 2015). *Atvinnuvegir >> Ferðabjónusta >> Gistinætur >> Allar tegundir gististaða >> Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða 1998-2014* . Sótt frá Vefsíða Hagstofu Íslands: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__ferdathjonusta__Gisting__3_allartegundirgististada/SAM01601.px/

Heklan. (2014). *Heimasíða Heklu*. Sótt frá http://www.sss.is/sites/default/files/innanlandsflug_um_keflavikurflugvoll-lokaskyrsla_2.pdf

